



Fundargerð

440. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 20. febrúar. Þetta er 2. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af oddvita og er 9 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir fyrsti varamaður Z lista boðar forföll og í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir, fyrsti varamaður Z lista. Katrín Gunnarsdóttir boðar forföll og í hennar stað er mætt, fyrsti varamaður D lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

1. Samningur um aðgang að netbanka lögaðila, oddviti óskar eftir skoðunaraðgangi að reikningum sveitarfélagsins. Færist undir lið nr 13.
2. Liður nr 12. Færist undir lið nr 1. Það er fremst undir málefni til umfjöllunar og afgreiðslu og þar með færist liðir boðaðrar dagskrár niður sem því nemur.
3. Samningur við Stefnu ehf vegna uppsetningar á heimasíðu sveitarfélagsins. Færist undir lið nr 14 undir málefni til umfjöllunar og afgreiðslu.
4. Samningur við Attendus.

IV. Annað kynningarefni:

1. 554.fundur stjórnar SASS færist undir lið nr 8.

Sveitarstjórn samþykkir viðbót við dagskrá

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

14.janúar var landeigendafundur með eigendum Klausturjarðar. 16.janúar sótti oddviti fund með umhverfis og samgöngunefnd Alþingis. Það sama kvöld afhenti hún menntaverðlaun Sudurlands í FSU sem í þetta sinn rann til Flúðaskóla. 17. janúar sótti oddviti stjórnarfund SASS á Selfossi. 27. janúar sótti oddviti sameiningarfund á Hvolsvelli. 29. janúar var íbúafundur í Kirkjubæjarklaustri vegna sormála í sveitarfélaginu þar sem Resource og HÍ kynnti tilraunaverkefni í sorphirðu sem Skaftárhreppur er aðili að. 31. janúar var oddviti með erindi á málþingi landverndar í Gunnarsholti. 3. febrúar mætti Gunnar Ingi Birgisson á svæðið en hann verður starfandi sveitarstjóri út mars 2020. 3. febrúar sátu sveitarstjóri og oddviti símafund með almannavörnum varðandi corona vírusinn. 10. febrúar komu þingmenn og ráðherrar VG í heimsókn og tók sveitarstjórn og Kirkjubæjarstofa á móti þeim í Kirkjubæjarklaustri. 11. febrúar sóttu oddviti og Arndís sameiningarfund í Vík. 12. febrúar tók oddviti og varaoddviti á móti hluta af þingflokki Sjálfstæðisflokksins á hótél Klaustri. Þann sama dag sótti sveitarstjórn og sveitarstjóri fund með verkefnastjórn um Þekkingarsetur og Errosetur, stjórn Kirkjubæjarstofu ásamt Ragnari Guðgeirssyni, Anne Bruun Hansen og Birgi Teitssyni þar sem farið var yfir stöðu á verkefninu Þekkingarsetur og Errosetur á Kirkjubæjarklaustri. Ákveðið að hafa íbúafund fljótlega og kynna stöðuna fyrir íbúum. 17. febrúar sat oddviti símafund hjá stjórn Markaðsstofu Sudurlands. 18. febrúar sóttu oddviti og varaoddviti fund Kötlum Jarðvangs í

Handwritten signatures and initials:
ATH 08
BVG
WS



Fjölheimum á Selfossi. Þann sama dag sótti varaoddviti fund hjá svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. **1801006** Fundargerð 154. fundar skipulagsnefndar, dags 17.02. 2020

1. **1908016 Flaga 2 – Deiliskipulag til samþykktar.**

Deiliskipulagið tekur til lóðar með landnúmer 176602, Flaga II land í Skaftárhreppi. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 1,4 ha. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, geymslu, ferðapjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í deifbýli, V4 þar sem íbúðarhús er nýtt fyrir ferðapjónustu.

Ein athugasemd barst á auglýsingatíma frá Gunnari Sveinssyni Flögu 1.

Tillagan var auglýst frá og með fimmtudeginum 7.nóv. til og með 19.des. 2019

Fyrir liggja umsagnir Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa með fulltingi sveitarstjóra að leita leiða með umsækjanda að lausn við athugasemdum Vegagerðarinnar.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. **2001003 Hrífunes – stofnun nýrra lóða úr Landnúmeri 163373.**

Hadda Björk Gísladóttir og Haukur Snorrason f.h. Look North ehf. kt. 710809-0540, óska heimildar að skipta upprunalandinu Hrífunes lóð, L163373, sem er 6,3ha í heildina í tvær lóðir sem fái heitin Hrífunes 1A (7831m² / 0,78 ha) og Hrífunes 2A (55307m² / 5,53ha).

„Skipulagsnefnd samþykkir lóðarskiptin þó með fyrirvara um aðgengi að lóðum 216583, 163373 og 222434 verði tryggt sem fyrr. Umsækjanda bent á veghönnunarreglur Vegagerðarinnar með tilliti til fjarlægða milli gatnamóta.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. **2002004 Heiði – stofnun nýrrar lóðar úr Landnúmeri 1163354.**

Jón Erlendsson f.h. dánarbús Bjarna J Gottskálkssonar kt. 110526-4239, óskar heimildar að stofna nýja lóð „Heiði hús“ 936m² úr upprunalandinu Heiði, L163354, sem er um 230ha að stærð.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að aðgengi frá Holtsvégi, vegi nr. 206 sé tryggt.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

WS
AJH
BUG



Jóna Björk Jónsdóttir lýsir yfir vanhæfi yfir næsta lið og yfirgefur fund.

4. 2002005 Mörtunga 1 – stækkun lóðar Landnúmer 179506 úr Landnúmeri 163411.

Aðalbjörg Jónsdóttir kt. 120564-3079, Eiríkur Þór Jónsson kt. 190462-2939 og Jóna Björk Jónsdóttir kt. 011165-5169, óska heimildar að stækka lóðina Mörtunga lóð, L179506 úr 2900m² í 12113,6m². Upprunalandið sem stækkunin er tekin úr er Mörtunga 1, L163354.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeigenda Mörtungu 2 L163412, Mörtunga Kviadalur L225393.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Jóna Björk Jónsdóttir mætir aftur til fundarins.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. Fundargerð 16. Fundar atvinnumálanefndar, dags 7. Febrúar 2020

1. Lokun útibús Arion banka á Kirkjubæjarklaustri

Formanni atvinnumálanefndar var afhent undirskriftarlistar frá íbúum Skaftárhrepps og Örfæfasveitar. Alls bárust 300 undirskriftir. Þar kemur fram að íbúar skori á Arion banka að endurskoða ákvörðun um skerta þjónustu sína á staðnum og loka útibúi. Fólkið í Skaftárhreppi er óánægt með að „stöðugt sé ráðist að grunnþjónustu“ og „Arion Banki sjái ekki ástæðu til að halda uppi viðunandi þjónustu eftir áratuga samstarf“. Bankinn hefur tilkynnt um að til standi að loka útibúinu í lok febrúar og setja upp endurbættan hraðbanka. Íbúar og fyrirtæki í Örfæfum hafa einnig nýtt bankaþjónustu á Kirkjubæjarklaustri. Þess má geta að yfir 700.000 ferðamenn heimsóttu Skaftafell árið 2019, þar er vísað á Klaustur þegar ferðamenn spyrja eftir banka/hraðbanka. Með undirskriftarlistanum er skorað á stjórnendur Arion banka að endurskoða ákvörðunina. Þeir eru hvattir til að þess að á Kirkjubæjarklaustri verði áfram hefðbundin þjónusta og fundaraðstaða þar sem hægt verði að koma á samtali bankans og íbúanna.

Auk undirskriftalistanna barst formanni atvinnumálanefndar formleg kvörtun frá íbúasamtökum Örfæfasveitar vegna lokunar útibússins á Kirkjubæjarklaustri. Þar er skorað á Arion banka að endurskoða ákvörðun sína um að skerða þjónustu sína með lokun útibússins á Klaustri. Fjöldi fyrirtækja í Örfæfum og einstaklingar sækja bankaþjónustu á Klaustri og harma íbúasamtökin að bankinn skerði grunnþjónustu á svæðinu. Þá er einnig ítrekað miklar vegalengdir í næsta útibú sem er þá á Höfn í Hornafirði í 130 km fjarlægð og í Vík í Mýrdal í 140 km fjarlægð. Það er því ljóst að með lokun útibús á Kirkjubæjarklaustri skerðir Arion banki grunnþjónustu íbúa í Örfæfum gríðarlega.

Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps harmar ákvörðun stjórnenda Arion banka um að loka útibúi sínu á Klaustri og lýsir óánægju sinni með þann fyrirvara sem gefinn er upp. Komið hefur skýrt fram hjá stórum hluta íbúa svæðisins að þau séu ekki tilbúin fyrir þá þjónustuskerðingu sem bankinn boðar. Við vísum í stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð þar sem þeir segjast setja sig í spor viðskiptavinarins. Marmkið breytinganna er að aðlaga það að nýrri nálgun í bankaþjónustu þar sem áhersla er lögð á einfaldari og þægilegri þjónustu, m.a. með stórauðni aðgengi að stafrænni þjónustu. Það er nokkuð ljóst að með ákvörðun um lokun útibússins með 5 vikna fyrirvara að þeir íbúar sem kunna ekki á stafræna þjónustu munu eiga erfitt að aðlaga sig á fimm vikna tímabili. Hér eru margir íbúar sem lýsa þungum áhyggjum af þessu ástandi. Því leggur atvinnumálanefnd áherslu á að stjórnendur Arion banka endurskoði ákvörðun sína

JB
UB
AK
BVG



um skerta þjónustu eða sjái til þess að hér verði fulltrúi á vegum bankans sem aðstoðar íbúa við að nota stafræna þjónustu. Einnig verður að tryggja að sá fjöldi erlendra íbúa geti stofnað til reikningsviðskipta hnökralaust. Því beinir atvinnumálanefnd til sveitarstjórnar að taka þetta mál upp á næsta sveitarstjórnarfundum og óski eftir samtali við stjórnendur Arion banka um fyrirhugaða þjónustuskerðingu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar atvinnumálanefnd fyrir góða vinnu, tekur undir með atvinnumálanefndinni og mun koma kvörtunum íbúa á framfæri.

2. Fundargerð 2. fundar verkefnahóps um mat á sameiningu, dags 15.01.2020.

Oddviti kynnti verkefnistillögur í matsgerð sameiningar sem lágu fyrir fundi.

3. Fundargerð 3. fundar verkefnahóps um mat á sameiningu, dags 27.01.2020

Oddviti kynnti fyrir sveitarstjórn efni fundarins.

4. Fundargerð 4. fundar verkefnahóps um mat á sameiningu, dags 11.02.2020

Oddviti kynnti fyrir sveitarstjórn efni fundarins.

5. Fundargerð 168. fundar fræðslunefndar, dags 6.02.2020.

1. Bókun sveitarstjórnar frá 14. janúar 2020. Liður 2-1

Í bókun sveitarstjórnar kemur fram að ákveðið hefur verið að koma á fót starfshópi, sem hefur það hlutverk að vinna að uppbyggingu skólamála í Kirkjubæjarskóla í samvinnu við fræðslunefnd og Kirkjubæjarskóla. Leitað er til fræðslunefndar um eftirfarandi:

- 1) Tilnefningu í starfshóp.
- 2) Hvaða þættir það sem Kirkjubæjarskóli þarf helst á að halda til að vinna áfram að uppbyggingu/Tilgangur starfshóps.

Tillaga að bókun:

Fræðslunefnd telur og vill koma því á framfæri við sveitarstjórn, að nú þegar eru viðeigandi starfshópar og sérfræðingar að fjalla um þau málefni sem sveitarstjórn vísar í. Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, ráðgjafafyrirtækið Attentus, auk Kennarasambands Íslands eru nú þegar að vinna í innri málum skólans. Jafnframt var skipaður starfshópur sem fjallar um ytri mál skólans, þ.e. fjallar um samlegð þekkingarseturs, Kirkjubæjarskóla og Erroseturs.

Fræðslunefnd er kunnugt um mikið áreiti og álag á starfsfólk Kirkjubæjarskóla. Í ljósi þess að öll ofangreind mál eru í farvegi, er það ósk fræðslunefndar að starfsfólk skólans fái vinnufrið til að vinna það mikilvæga starf sem felst í skólastarfseminni. Fræðslunefnd tekur undir með starfsfólki Kirkjubæjarskóla hvað það varðar og vill ítreka stuðning við starfsfólk skólans.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "UB", "US", "AVH", "BBK", and "BVG".



Tillagan samþykkt samhljóða

EBH, BG, UB og AH taka undir bókun fræðslunefndar og lýsa yfir fullu trausti á skólastjóra og starfsmenn Kirkjubæjarskóla. JBJ er á móti.

JBJ tekur undir bókun fræðslunefndar.

3) Leiðbeiningar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi skólaakstur.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur gefið út leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla. Leiðbeiningarnar gefa tilefni til að reglur Skaftárhrepps um skólaakstur í grunnskóla verði endurskoðaðar.

Fræðslunefnd fer þess á leit við sveitarstjórn að ákvæði í leiðbeiningum verði innleiddar í reglur sveitarfélagsins um skólaakstur. Leitað verði ráðgjafar lögfræðings um það hvernig best er að koma nýjum atriðum inn í reglurnar.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur sveitarstjóra að aðlaga og uppfæra reglur sveitarfélagsins um skólaakstur.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2002011 Samningur við verkfræðistofuna Grundun

EBH, BG, UB og AH fela oddvita að undirrita samning við verkfræðistofuna Grundun um að sinna störfum sveitarstjóra út mars 2020. JBJ situr hjá.

2. 1904010 Samningur um afhendingu götulýsingarkerfis til staðfestingar

Fyrir fundi liggur undirritaður samningur Rarik við Skaftárhrepp varðandi yfirtöku sveitarfélagsins á götulýsingarkerfi Rarik. Fyrir liggur að kalla eftir teikningum og upplýsingum um búnað sem tilheyrir götulýsingarkerfinu. Sveitarstjórn staðfestir samninginn og felur sveitarstjóra að kalla eftir upplýsingum, teikningum, skápum og þeim búnaði sem tilheyrir kerfinu. Einnig felur sveitarstjórn sveitarstjóra að falast eftir samningi við viðurkenndan aðila til að sinna kerfinu.

3. 2002008 Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka dags, 17.01.2020

Samband íslenskra sveitarfélaga sendir á sveitarfélög í landinu viðmiðunarreglur þar sem vísað er til 5.gr. 2.mgr.laga nr 162/2006 með síðari breytingum. Reglurnar miða að því að sveitarfélag skal veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn árleg framlög til starfsemi sinnar. Skal framlögum úthutað í hlutfalli við atkvæðamagn. Miðað skal við 175 kr á hvern íbúa sem lögheimili á í sveitarfélaginu 1.janúar á ári hverju.

Handwritten signatures and initials: UB, AB, JBJ, and BUG.



Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar viðmiðunareglunum og vísar þeim til vinnu við fjárhagsáætlunargerð fyrir 2021.

4. 2002009 Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga dags, 20.01.2020

Mannvirkjastofnun sendir bréf á sveitarstjórn og minnir á að sveitarfélög skuli skila uppfærðum húsnæðisáætlunum til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eigi síðar en 1. mars ár hvert. Tilgangur áætlunarinnar er að greina húsnæðisþörf mismunandi félagahópa og þar með þá tegund húsnæðis sem helst er þörf fyrir á hverju svæði.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur skipulagsnefnd og byggingarfulltrúa að taka upplýsingarnar saman.

5. 1806011 Tilnefning í skipulagsnefnd og fjallskilanevnd á vegum D lista dags, 17.01.2020

D listinn þakkar Davíð Andra fyrir störf hans í þágu sveitarfélagsins. D listinn tilnefnir Rúnar Þorra Guðnason sem aðalmann og Jón Atla Jónsson sem 1. varamann í skipulagsnefnd. Jafnframt tilnefndir D listinn Bjarna Bjarnason sem aðalmann og Þórarinn Bjarnason sem varamann í fjallskilanevnd.

6. Erindi frá Z lista

Z listinn gerir eftirfarandi athugasemdir við störf meirihlutans.

Þann 10. feb síðastliðinn sendi oddviti tölvupóst þar sem tilkynnt var að næsta sveitarstjórnarfundu sem samkvæmt samþykktum átti að vera fimmtudaginn 13. feb væri frestað fram á miðvikudaginn 19. feb og skyldi þá haldinn kl 17 í staðinn fyrir kl 13 eins og fram kemur í samþykktum sveitarfélagsins. Í tölvupóstinum stóð einnig að skerpt skyldi á fundarsköpum, hver fundarmaður fengi aðeins að taka tvisvar til máls um hvert málefni og taka ætti upp þann sið að nota pontu. Oddviti Z listans sendi eftirfarandi tölvupóst á sveitarstjórn og sveitarstjóra „ Við á Z-listanum höfum ekkert á móti því að ræða um fundarsköp og hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi á sveitarstjórnarfundum, á næsta fundi. Við teljum hins vegar að svona miklar breytingar frá vananum þurfi að ræða á sveitarstjórnarfundu og bera undir alla sveitarstjórn áður en í þær er ráðist. Eins gerum við athugasemd við það að fundartími sé færður fyrirvaralaust frá vanalegum tíma...“. Við þessum pósti barst aldrei svar. Oddviti Z-listans sendi einnig tölvupóst og lagði til að trúnaðarfundu sem átti að vera í janúar yrði frestað og þess óskað að á fundinn mætti þar til bær löglærður einstaklingur. Var því bréfi heldur ekki svarað. Í öðru lagi gerir Z listinn athugasemd við að gengið var til samninga við Gunnar Birgisson og minni hlutanum aðeins tilkynnt um það í tölvupósti. En á vinnufundu að afloknum sveitarstjórnarfundu í janúar voru málefni sveitarstjóra rædd og fundarmenn á einu máli um það að leita eftir aðila til að leysa sveitarstjóra Skaftárhrepps af í sínu leyfi. Oddviti taladi þá um að haldinn yrði aukafundur fljótlega til að ganga frá því máli. Sá aukafundur var aldrei haldinn, í staðinn barst tilkynning í tölvupósti um að gengið hefði verið til samninga við Gunnar Birgisson um að leysa af í tvo mánuði. Z listinn gerir athugasemd við þessi vinnubrögð. Skerpt fundarsköp hafa einnig verið boðuð í fræðslunefnd, þ.e. að hver aðili taki aðeins til máls tvisvar um hvern málaflokk, enn höfum við ekki upplýsingar frá öðrum nefndum. Ljóst er að D-listinn leggur mikið upp úr því að koma í veg fyrir edlilega

UB
ABH
BVG



umræðu og forðast að virkja íbúa svæðisins. Einnig er upplýsingaflæði frá meirihluta sveitarstjórnar, oddvita og sveitarstjóra mjög ábótavant.

7. Erindi frá D lista

D listinn þakkar ábendingu Z lista og mun skoða verklag sitt.

8. 2002010 Minnisblað vegna yfirdráttar

Starfandi sveitarstjóri óskar eftir því við sveitarstjórn Skaftárhrepps að hún samþykki yfirdráttarheimild á reikning sveitarfélagsins í Arion banka. Þetta er gert í öryggisskyni ef stórir reikningar berast sveitarstjóði þegar sjóðsstaðan er kannski ekki nógu góð. Þetta á sérstaklega við um sumarmánuðina þegar framkvæmdir eru í hámarki. Ekki þarf að greiða vexti af heimildinni nema fyrir þá upphæð sem notuð er.

Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri sæki um yfirdrátt fyrir hönd sveitarstjórnar.

9. Viðhald innviða í kjölfar óveðurs

Sveitarstjórn Skaftárhrepps vill vekja athygli Almannavarna og fjarskiptafyrirtækja á því að í kjölfar mikils óveðurs í síðustu viku, reyndi verulega á innviði þá sem eru háðir raforku. Símasamband og útvarpssendingar duttu út ásamt langbylgju. Nauðsynlegt er að koma upp varaafsstöðum við fjarskiptasenda. Sveitarstjórn óskar eftir samtali við fjarskiptafyrirtækin og stjórn Almannavarna á Sudurlandi til að tryggja öryggi íbúa að þessu leiti.

10. Bifreiðaskoðun og vanrækslugjald

Bifreiðaskoðun er ekki lengur í boði í Skaftárhreppi tvisvar á ári eins og verið hefur undanfarin ár og áratugi. Það kemur verulega niður á heim aðilum sem eiga illa heimangengt á farartækjum sínum því á sama tíma er ekki lengur hægt að semja um það að fella vanrækslugjald niður tímabundið meðan beðið er eftir skoðunarstöð. Sveitarstjórn Skaftárhrepps felur sveitarstjóra að senda erindi á videigandi aðila til að leita lausna.

11. 1707012 Bréf sveitarstjóra til fjármálaráðherra
Lagt fram til kynningar.

12. Ályktun sveitarstjórnar vegna Arionbanka

Sveitarstjórn Skaftárhrepps mótmælir fyrirhugaðri lokun útibús Arion banka á Kirkjubæjarklaustri. Útibúið þjónar Skaftárhreppi og Örfæjum auk allra þeirra þúsunda ferðamanna og nýbúa sem eru á svæðinu tímabundið hverju sinni. Þetta er mjög bagalegt bæði fyrir atvinnulífið og mannlífið. Sveitarstjórn óskar eftir því að opnunartími útibúsins verði alla virka daga eða í það minnsta einhverja daga í viku. Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir því að rafræn þjónusta mun aukast á næstu árum. En meðan innviðir eins og ljósleiðari er ekki enn aðgengilegur í sveitarfélaginu þá þurfa íbúar og aðrir að aka um 150 km leið til að komast í bankaþjónustu.

Handwritten notes in blue ink:
UB
ABP
BVG
AJM



*Með von um samtal og jákvæð viðbrögð
Sveitarstjórn Skaftárhrepps.*

13. Samningur um aðgang að netbanka lögaðila.

Oddviti óskar eftir skoðunaraðgangi að reikningum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir skoðunaraðgang oddvita.

14. 2002012 Samningur við Stefnu ehf vegna uppsetningar á nýrri heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að gengið verði til samninga við Stefnu og felur sveitarstjóra að ganga frá undirrita samninginn.

15. Samningur við Attendus.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að endurskoða samning sveitarfélagsins við Attendus.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 73. fundar félagsmálanefndar, dags 06.02.2020 *Fundargerð kynnt.*
2. Stjórnarfundur Bergrisans, dags 21.01.2020 *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Fundargerð 79. fundar svæðisráðs vestursvæðis dags, 14.01.2020 *Kynnt*
2. Fundargerð 533. fundar stjórnar SASS 17.01.2020 *Kynnt*
3. Boðun á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 20.01.2020 *Kynnt*
4. Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð dags, 18.01.2020 *Kynnt*
5. Fundargerð 878. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags, 31.01.2020 *Kynnt*
6. Endurvinnsluhlutfall heimilsúrgangs í Skaftárhreppi dags, 10.10.2020 *Kynnt*
7. Alþingi, frumvarp vegna breytingar á barnaverndarlögum *Kynnt*
8. Fundargerð 554. fundar stjórnar SASS 7. 02.2020 *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 19. mars 2020

Fundi slitið kl.15:15

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "ASM", "KJ", and "TSVG".



Bjarki V. Guðnason

Bjarki Guðnason

Eva Björk Harðardóttir

Eva Björk Harðardóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Unnur Blandon

Unnur Blandon

Arndís Harðardóttir

Arndís Harðardóttir